um till. til þál. um akstur utan vega.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna til að gera tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða um hvernig koma megi í veg fyrir náttúruspjöll af þeim sökum.

Með nefndinni starfi fulltrúar dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Nefndin skili skýrslu og tillögum til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Guðmundur Ágústsson, fundaskr. Guðni Ágústsson.

Eiður Guðnason. Ólafur G. Einarsson. Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alexander Stefánsson.